

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

- | Tollskrárn. | Vörutegund |
|-------------|--|
| 01.01.00– | |
| 01.06.29 | Lifandi dýr. |
| 02.01.10– | |
| 02.01.60 | Kjöt og ætir hlutar af dýrum, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt, eða fryst. |
| 02.02.00 | Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum, hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum, nýtt, kælt eða fryst. |
| 02.03.00 | Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi. |
| 02.04.09 | Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst, þó ekki hvalkjöt og hvalrengi. |
| 02.05.00 | Svínafiti án kjöts og alifuglafiti (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð í saltlegi, þurrkuð eða reykt. |
| 02.06.10– | |
| 02.06.20 | Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt. |
| 04.01.00 | Mjólkurafurðir, fuglaegg, ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a., þó ekki 04.06.00, náttúrulegt hunang. |
| 06.03.00 | Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til apríl. |
| 07.01.10 | Kartöflur, nýjar. |
| 07.01.20 | Tómatar, nýir. |
| 09.01.21 | Kaffi, brennt, malað eða ómalað, í smásöluumbúðum 2 kg eða minna. |
| 09.01.30 | Kaffilíki, sem inniheldur kaffi. |
| 15.01.00 | Hreinsuð svinafeiti, önnur svinafeiti og alifuglafeiti, brædd eða unnin með upplausnarefni. |
| 15.02.00 | Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd. Einnig slík feiti brædd eða unnin með upplausnarefni (þar með talin „premier jus“). |
| 15.03.00 | Svínafeitissterín (lardsterín), oleosterín (pressutólg), svinafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt. |
| 15.13.10– | |
| 15.13.20 | Smjörlíki, tilbúin svinafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti. |
| 16.01.00 | Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði. |

- 16.02.00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
- úr 21.07.19 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkuris.
- 22.04.00 Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
- 27.09.00 Jarðolíur og olíur fengnar úr fjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar.
- 27.10.19 Annað bensín en flugvélabensín.
- 27.10.60 Gasolíur.
- 27.10.70 Brennsuolíur.
- Ökutæki til fólksflutninga eingöngu:
- úr 87.02.14 Með alhjóladrifi, notuð.
- 87.02.16 Notuð.
- úr 87.02.19 Önnur, notuð.
- 96.01.00 Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
- úr 96.01.07 Málningarpenslar (þó ekki listmálunarpenslar).
- 96.01.03 Burstar og sópar með plastbaki, ót. a.
- úr 96.01.05
- úr 96.01.09 Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða um hann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Vörugreiðslum, þar sem viðkomandi vörur eru ekki háðar innflutningsleyfum skv. 1. gr. þessarar reglugerðar.
2. Greiðslum, sem stjórnarráðið innir af hendi til erlendra aðila vegna vaxta-kostnaðar og afborgana af erlendum ríkislánum, kostnað við utanríkisþjónustuna svo og greiðslna þess til alþjóðastofnana.
3. Greiðslum vegna þjónustu pósts og síma.
4. Erlendum kostnaði gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Innlendir aðilar þurfa gjaldeyrisleyfi fyrir gjaldeyrisyfirfærslum til útlanda fyrir þjónustu- og vörugreiðslum vegna viðskipta fyrir varnarliðið og friðhöfnina á Keflavíkurflugvelli.

4. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr., skulu sendar gjaldeyrisviðskiptabönkunum.

Samstarfsnefnd um gjaldeyris- og innflutningsmál fjallar um og tekur ákvarðanir um umsóknir um innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfi skv. 1. gr., en gjaldeyrisafgreiðslur banka-anna taka við umsóknum, gefa leyfin út og innheimta gjald af þeim skv. 5. gr. reglugerðar nr. 519, 14. des. 1979.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem háðar eru innflutningsleyfum, skulu tollstjórar gæta þess að framvísað sé innflutningsleyfi fyrir viðkomandi vöru.

Það er skilyrði hvers konar gjaldeyrissölu og -kaupa, að viðskiptavinir gefi upp í banka nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, eftir því hvort um einkaviðskipti eða verslunarviðskipti er að ræða.

Óheimilt er að framselja innflutningsleyfi.

5. gr.

Til tollafgreiðslu þeirra vara, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, þarf innflutningsleyfi, en heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtalдар vörur, enda þótt þær falli undir eitthvert tollskrárnúmer, sem talið er í 1. gr.

1. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
2. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og öðlast gildi 1. apríl 1980.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 499/1979 frá 12. desember 1979 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðuneytið, 20. mars 1980.

Tómas Árnason.

Dórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um gjaldeyrisviðskipti við erlenda ferðamenn.

1. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands.

Það er aðalreglan, með þeim undantekningum, sem hér fara á eftir, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands mega einir kaupa gjaldeyri af erlendum ferðamönnum, enda geta þessir bankar einir enduryfirfært í gjaldeyri fyrir ferðamenn við brottför af landinu, gegn framvisun gjaldeyriskaupánótna. Á sú takmörkun einnig við þau gjaldeyrisviðskipti, sem heimiluð eru hér á eftir við aðra banka, sparisjóði, gististaði o. fl.

2. Aðrir bankar og sparisjóðir.

Aðrir bankar og sparisjóðir mega taka við gjaldeyri af erlendum ferðamönnum og föstum viðskiptamönnum vegna skipta þeirra við erlenda ferðamenn, enda sé öllum innkomnum gjaldeyri skilað til Landsbanka og Útvegsbanka innan viku frá móttöku. Bankar og sparisjóðir skulu færa skiptin á þar til gerðar afreikningsnótur, flokka þær eftir fyrirsögn gjaldeyriseftirlits Seðlabankans og senda þær gjaldeyris-
eftirlitinu eigi sjaldnar en á mánaðar fresti. Á nótur þessar skal skráð dagsetning gjaldeyris-
skiptanna, erlend upphæð, daggengi og andvirði í íslenskum krónum, auk nafns ferðamanns eða annars viðskiptaaðila og nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, ef um